

AUGLÝSING

um staðfestingu aðalskipulags fyrir Eyrarbakka.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. janúar 1989 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Eyrarbakka 1987–2007.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Eyrarbakka, sem staðfestur var af ráðuneytinu 23. desember 1936.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 371 25. október 1976.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 4 800,00, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 400,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, öðlast gildi 5. apríl 1989.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 19 útgefin 7. janúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. febrúar 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.